

61
14. júní

L Ö G

um

einkasölu á útfluttri síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 9. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld, höfum látið færa meginmál þeirra inn í aðallögin frá 1928, og gefum þau hérmeð út sem lög um einkasölu á síld.

1. gr.

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenskum skipum hér við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi eða verkuð í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþéttum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölnunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölnunnar. Framkvæmdarstjórnin sér þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölnunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verkalýðssambandi Norðurlands, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur. Jafnmargir varamenn séu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fáir enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

61

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er séu jafnir^{14. júní} að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórnarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sé framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minnst 3 atkvæði. Fáir einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar eða verkun á annan hátt til útflutnings byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sér til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.
3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unnt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er leggst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sé óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölnni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld allt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölnni, að slíkir samningar verði uppfylltir.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða, sbr. 8. gr., og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hér að lútandi og erindisbréfum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

61

14. júní

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir réttum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölnnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvareandi upphæð fyrir öðru vísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölnnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölnnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölnnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis réttum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölnnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölnnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sér að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí, ár hvert tilkynna stjórn einkasölnnar, hve mikið þeir ætli sér að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hyggst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölnnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynnt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi tryggt sér skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd,

hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, **61**
sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn^{14. júní}
til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi
fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiði-
leyfi lengur en herpinótaskip.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í
markaðsleitarsjóð skulu renna $\frac{3}{4}\%$, en í varasjóð $1\frac{1}{4}\%$ af andvirði
seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri
deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einka-
sölnnar, útgerðinni og verkafólki þessarar farmleiðslu, þegar síldveiði
og síldarvinna bregzt. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd,
en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og
notkun.

9. gr.

Reikningsár einkasölnnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar
ár hvert. Stjórn einkasölnnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta
í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölnnar og skýrslu
um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölnnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda
greiðir hún síldareigendum allt andvirði síldarinnar, að frádregnum
kostnaði og sjóðfé, sbr. 4. gr. 3.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölnnar og tvo
til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang
að reikningum einkasölnnar.

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd
reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en
þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjór-

- 61** ar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í 14. júní samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölnunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölnunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.